

Exitus ráðgjöf ehf
Mýrartúni 12, 600 Akureyri

Akureyrarbær
b.t. bæjarstjórnar
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 23. apríl 2019

Efni: Athugasemdir Gólfhitasögunar ehf. við innkaup Akureyrarbæjar.

Til mín hefur leitað Jóhann Freyr Hallgrímsson, f.h. Gólfhitasögunar ehf., kt. 691217-1320, Norðurgötu 53, Akureyri, og falið mér að rita bæjarstjórn Akureyrar bréf og gera athugasemdir við innkaup innkaups- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar á múrbroti, steypusögun, fræsingu og kjarnaborun í tengslum við framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.

Umbjóðandi minn rekur fyrirtæki sem annast múrsögun, gólffræsingar, kjarnaborun og múrbrot fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Hann hefur á sér gott orð fyrir skjóta þjónustu, vönduð vinnubrögð, vandaðan frágang og hófstíllt verð. Hann telur sig hins vegar hafa orðið var við að Akureyrarbær beinir öllum innkaupum sínum á þessháttar þjónustu til Steypusögunar Norðurlands ehf., sem virðist vinna öll verk á þessu sviði fyrir Akureyrarbæ án útboðs og án þess að fram fari almenn verðkönnun sem nær til annarra fyrirtæka á þessu starfssviði. Umbjóðandi minn hefur einnig tekið eftir því að þegar Akureyrarbær býður út heildarverk í einu útboði, þar sem allir verkþættir eru boðnir út í heilu lagi, þá er múrsögun, múrbrot, gólffræsing og kjarnaborun eini verkþátturinn sem ekki er boðinn út. Sá verkþáttur er síðan keyptur af Steypusögun Norðurlands ehf. utan útboðs og án almennrar verðkönnunar. Meðal dæma um þetta eru umfangsmiklar framkvæmdir við Sundlaug Akureyrar, framkvæmdir við Listasafnið á Akureyri, steypusögun á veggjum til að koma inn vinnuvélum í Skautahöllinni á Akureyri ásamt vinnu við múrbrot á tröppum og framkvæmdir sem eru nú að hefjast við búningsklefa í K.A. heimilinu við Dalsbraut. Að auki kom upp sú staða, meðan endurbætur á Listasafninu stóðu yfir, að tekin var ákvörðun um að breyta verkinu og koma fyrir gólfhita í safninu. Um var að ræða talsvert stóran verkþátt sem bættist við þá múrsögun í húsinu sem Steypusögun Norðurlands ehf. hafði verið falið að vinna án útboðs eða verðkönnunar. Í stað þess að gera verðkönnun vegna fræsingar fyrir gólfhitalögnunum, var verkið falið í hendur Steypusögunar Norðurlands ehf. án þess að hafa samband við aðra þjónustuveitendur.

Umbjóðandi minn hefur heimildir fyrir því að Akureyrarbær geri verðkannanir meðal allra iðnaðarmanna sem veita þjónustu á svæðinu vegna ófyrirsjáanlegs viðhalds á eignum sveitarfélagsins, þar með talinna trésmiða, pípulagningarmanna, múrara, málara, blikksmiða og allra annarra en þeirra sem

Exitus ráðgjöf ehf
Mýrartúni 12, 600 Akureyri

annast múrsögun, kjarnaborun, gólfræsingar og steinslípun. Steypusögun Norðurlands ehf. sitji ein að öllum slíkum verkefnum fyrir Akureyrarbæ.

Um innkaup á þjónustu af því tagi sem umbjóðandi minn veitir gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Þau ná til allra innkaupa opinberra aðila hvort sem um er að ræða stofnanir ríkisins eða sveitarfélög, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 15. gr. laganna er þeirri meginreglu slegið fastri að við opinber innkaup skuli gæta jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis. Óheimilt sé að takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Í 23. gr. laganna er mælt fyrir um útboðsskyldu opinberra innkaupa ef kostnaðaráætlun bendir til þess að kostnaður við þau fari yfir tiltekinar upphæðir sem getið er í ákvæðinu. Í 24. gr. segir að við innkaup undir þeim viðmiðunarmörkum skuli kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður með rafrænum aðferðum. Við slík innkaup skal gæta að samkeppni og virða jafnræðisreglu 15. gr. Ljóst er að þær aðferðir sem að framan er lýst við fyrirkomulag innkaupa Akureyrarbæjar á þjónustu af Steypusögun Norðurlands ehf. eru ekki í samræmi við þessi lagaákvæði. Akureyrarbær hefur t.a.m. aldrei beint verðfyrirspurn til umbjóðanda míns. Umbjóðandi minn hefur beint fyrirspurnum um framkvæmd innkaupanda til bæjarlögmanns og hlutaeigandi sviðs bæjarins en svörin hafi verið óljós og tiltekin atriði ekki í því samhengi við raunveruleikann sem vænta má af svörum stjórnvalds.

Umbjóðandi minn vill með erindi þessu gera alvarlegar athugasemdir við það sem hann telur ólögsmætar aðferðir við innkaup Akureyrarbæjar á gólfræsingum, steypusögun, múrbroti og kjarnaborun. Hann telur að þessar aðferðir feli í senn í sér samkeppnishömlur og óhagkvæmni. Hann óskar þess að bæjarstjórn hlutist þegar í stað til um að framkvæmd innkaupanna verði þegar í stað færð til réttis horf og samræmis við gildandi lög. Umbjóðandi minn leyfir sér að reikna með því að bæjarstjórn tryggi að þessum atriðum verði komið í það horf sem lög mæla fyrir um en áskilur sér allan rétt til að grípa til úrræða sem lög nr. 120/2016 mæla fyrir um ef svo verður ekki.

f.h. Gólfhitasögunar ehf.

Hreiðar Eiríksson
Kl. 180963-4139
Hreiðar Eiríksson, lögfræðingur